

Miðvikudaginn 18. júní 1930.

Nr. 134/1929

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)
 gegn

James Sidney Brennan (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 30. október 1929: Kærður, Sidney Brennan, greiði átján þúsund króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands og komi í stað sektarinnar níu mánaða einfalt fangelsi ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, — þar með taldir dragstrengir, — í botnvörpunum «Moravia», G. Y. 1018, sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 28. október f. á., kl. 1,24 e. h., stöðvaði varðskipið Ægir skip kærða, sem þá var að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó, á Þistilfirði. Fimm mínútum síðar var eftirfarandi staðarákvörðun gjörð við hlið botnvörpungsins, sem var að draga inn botnvörpuna:

Svinalækjartangi

> 68° 30'

Sauðaneskirkja

> 21° 01'

Fleinartangi

Dýpi 90 metrar.

Reyndist þessi staður vera 0,17 sm. utan landhelgislinunnar. Frá varðskipinu sáuust 2 fiskidúfl og skýrði kærði frá því, er hann kom um borð í varðskipið, að hann ætti bæði þessi dúfl, og kvaðst hafa farið inn fyrir innra dúflið og fiskað út frá því, með því að hann hefði álitnið, að dúflið væri utan landhelgi.

Varðskipið hélt þá að innra duflinu og miðaði stað þess þannig:

Svínalækjartangi

$$> 69^{\circ} 16'$$

Sauðaneskirkja

$$> 23^{\circ} 10'$$

Fleinartangi

Dýpi 92 metrar.

Er þessi staður 0,35 sm. innan landhelgi. Síðan var haldið að ytra duflinu og reyndist staður þess samkvæmt mælingu varðsþingsins, á landhelgislinunni. Hefir forstöðumaður stýrimannaskólans endurskoðað þessar mælingar og sett stað botnvörpusþingsins og duflanna á sjóbréf, sem lagt hefir verið fram í hæstarétti og kemur þetta heim við skýrslu varðsþingsins.

Auk þess að fyrir liggur bein viðurkenning kærða fyrir því, að hann hafi fiskað við innra duflið og þannig í landhelgi, styðst þetta einnig við þá athugun varðsþingsins, að kærði hafi haldið í norðaustlæga stefnu út frá landhelgislinunni í 15 mínútur eða frá kl. 1,03 til kl. 1,18, áður en hann var stöðvaður.

Fyrir lögregluréttinum treysti kærði sér eigi til að vefengja skýrslu skipherrans á varðskipinu, en gat þess þó, að eftir miðunum þeim, er hann hafi gert, hafi hann álitð, að Súlunes hafi verið framundan Melrakkanesi frá duflinu að sjá, en staðarmælingar varðsupsins sýna, að þetta getur eigi verið rétt, enda hefir annar stýrimaður á varðskipinu borið það fyrir réttinum, að hann hafi sérstaklega veitt því eftirtekt, að Súlunes hafi alls eigi verið sjáanlegt fram undan Melrakkanesi frá duflinu að sjá og fyrsti stýrimaður hefir borið, að sér hafi virzt Súlunes á bak við Melrakkanes að sjá frá duflinu.

Með þessum gögnum er það sannað, að kærði hef-

ir gjörzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og með því að kærði hefir í maí 1927 með dómi lög-regluréttar Vestmannaeyja verið dæmdur í 12500 kr. sekt fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar í landhelgi, ber nú að refsa honum fyrir brot í annað sinn á nefnd-um lögum, og með tilliti til þess, ákveðst refsing hans 15000 kr. sekt í Landhelgissjóð, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo ber og samkvæmt 5. gr. nefndra laga að dæma kærða til að sæta 2ja mánaða einföldu fangelsi.

Ákvæði lögregluréttardómsins um upptekt afla og veiðarfæra og um málskostnað staðfestast.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Dráttur sá, er orðið hefir á flutningi máls þessa hér í rétti, hefir verið réttlættur af hendi verjanda með því, að hann hafi leitað upplýsinga erlendis.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, James Sidney Brennan, skipstjóri á botnvörpungnum Moravia, G. Y. 1018 frá Grimsby, greiði 15000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er afplánist með 8 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo sæti kærði og 2ja mánaða einföldu fangelsi.

Um upptöku afla og veiðarfæra og um málskostnað skal lögregluréttardóminum óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,

þar með talin málflutningslaun sækjanda og og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 20 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum á botnvörpungnum Moravia, G. Y. 1018 frá Grimsby, Sidney Brennan frá Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, 1920, um bann gegn botnvörpuveidum.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu »Ægir« rískj. nr. 2, sem kemur heim við eiðfestan vitnaframburð stýrimanna á varðskipinu »Ægir«, er það sannað í máli þessu, að kærður var á veiðum á skipi sínu mánudaginn 28. þessa mánaðar í landhelgi á Þistillfirði. Kom varðskipið »Ægir« þar að og tók skip kærða fast, þar sem skipið hafði stöðvazt, eftir að varðskipið hafði skotið púðurskoti.

Fyrir réttinum kveðst kærði ekki neita réttmæti skýrslu skipherrans á »Ægir«, réttarskjölum nr. 2 og 3; en álitur samt, að hann geti ekki samþykkt hana að öllu leyti, þar sem sjálfur hafi gjört mælingu af staðnum, þar sem bojurnar voru, og eftir þeirri mælingu sinni álitur hann, að Súlunes hafi verið framundan Melrakkanesi, í beinni línu að þeim stað, þar sem bojurnar voru; og ætti þá önnur bojan að vera fyrir utan landhelgislinu, en hin rétt við hana að utan. En hann kveðst ekki treysta sér til þess, að leggja fram staðarmælingu eða staðarákvörðun, þar eð vel geti verið, að kompásinn í togara sínum hafi ekki verið svo nákvæmur, að hann geti reitt sig á hann. Þenna framburð kærða staðfestir fyrir réttinum einn af skipverjum hans.

Það verður nú að álitast, að framburður kærða geti ekki hnekkt sannleiksgildi skýrslu skipherrans af varðskipinu »Ægir« af eftirgreindum ástæðum:

Í fyrsta lagi er mæling kærða af staðnum þýðingarlaus, þar sem hann ekki treystir sér til þess að leggja fram staðarmælingu eða staðarákvörðun.

Í öðru lagi er mæling hans óábyggileg, þar eð hann telur ekki kompásinn í togara sínum nákvæman.

Í þriðja lagi verða staðarákvarðanir varðskipsins að álitast sannaðar með eiðfestum framburðum þriggja stýrimanna á varðskipinu.

Í fjórða lagi virðist ekki geta staðizt sú staðhæfing kærða, að Súlunes hafi sézt framundan Melrakkanesi, í beinni línu, frá bojunum að sjá, þar eð tvö vitnin, fyrsti og annar stýrimaður, eiðfesta það, að Súlunes hafi ekki sézt; annað vitnið segir, að sér hafi virzt Súlunes gengið á bak við Melrakkanes frá bojunum að sjá; en hitt vitnið segist hafa veitt því sérstaka athygli, að Súlunes var alls ekki sýnilegt framundan Melrakkanesi frá bojunum að sjá.

Samkvæmt framanrituðu hefir kærður því að áliti réttarins gjörzt brotlegur við bann 1. gr. laga nr. 5, 1920. Einnig hefir hann áður gerzt sekur um brot á íslenzkri fiskiveiðarlöggjöf samkvæmt eigin játningu, samanber og símskeyti frá dómsmálaráðuneytinu, framlagt réttarskjal nr. 4; er því hér um itrek að brot að ræða gegn 1. gr. nefndra laga. Virðist því refsing ákærða miðast við 3. og 5. gr. nefndra laga. — Þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið samkvæmt 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 4, 1924, hæfilega ákveðin 18000 króna sekt til Landhelgisgissjóðs Íslands, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er það í dag, eftir upplýsingum frá Dómsmálaráðuneytinu, að krónan jafngildi 82,10 aurum gulls. — Verði sektin ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærður í hennar stað níu mánaða einföldu fangelsi. —

En hvað viðvikur refsingu þeirri, sem ákveðin er í 5. gr. nefndra laga, þá verður kærði ekki dæmdur í hana, þar sem sennilegt þykir, eftir öllum atvikum, sem upplýst er í málinu, að kærði hafi að óvilja sínum verið að veiðum innan landhelgi í þetta skifti.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum »Moravia«, G. Y. 1018, — sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur verið.